# Stofnanasamningur

milli Eflingar-stéttarfélags og Þjóðleikhússins

10.2.2022

Byggður á gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Eflingar-stéttarfélags.

## 1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna Þjóðleikhússins sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Eflingar-stéttarfélags.

| 2. Starfaflokkun, grunnröðun o.fl. | Grunnröðun | *Starfsreynsla | | | | Menntun | Frammistaða |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 ár | 3 ár | 5 ár | 7 ár | | |
| **Almenn störf fastráðinna við ræstingar** | **11** | 1 Þrep | 1 Þrep | 1 Þrep | 1 Þrep | 1-2 Þrep | 1-2 Þrep |
| **Almenn þjónustustörf / gestamóttaka** | **8** | á.e.v. | 1 Þrep | á.e.v. | á.e.v. | á.e.v. | 1-2 Þrep |
| **Vaktstjóri þjónustustörf / gestamóttöka** | **16** | á.e.v. | 1 Þrep | á.e.v. | á.e.v. | á.e.v. | 1-2 Þrep |

*Starfsreynsla í starfi hjá Þjóðleikhúsinu eða í sambærilegu starfi.

## 3. Menntun starfsmanna sem telst nýtast í starfi og er umfram grunnkröfur starfs *

**Hækkun vegna menntunar sem nýtist í starfi getur orðið allt að;.................................** **ÞREP** 2

| | |
|---|---|
| Starfsmaður sem sótt hefur 50 kennslustunda námskeið | 1 |
| Starfsmaður sem sótt hefur frekara nám í samráði við þjóðleikhúsið | 1 |

*Menntun á einungis við starfsheitið Almenn störf fastráðinna við ræstingar.

## 4. Persónubundnir þættir: Frammistaða umfram grunnkröfur starfs*

**Hækkun vegna frammistöðu, allt að;.................................** **ÞREP** 2

Eftir 6 mánuði frá upphafi starfs er stofnun heimilt að meta frammistöðu og persónubunda hæfnisþætti starfsmanns í starfi umfram grunnkröfur starfs, svo sem þjónustulund, samstarfs- og samskiptahæfni, og getu til að leysa flókin eða vandasöm verkefni.

*Tekur gildi frá og með 1.8.2022.

## 5. Endurskoðun

Endurskoða skal samninginn samkvæmt kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Eflingar-stéttarfélags. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

## 6. Sérákvæði sem gilda fyrir þjónustustörf / gestamóttaka

6.1 Fyrir hverja viðveru er greitt að lámarki 4 klst.

6.2 Á hverri viðveru greiðast aukalega 12 mínútur fyrir hverja unna klukkustund umfram 4 klst.
Hver klukkustund umfram 4 klst. reiknast þá sem 1,2 klst.

6.3 Falli niður sýning með minna en 24 tíma fyrirvara er greitt fyrir eins og um sýningu hefði verið að ræða.

## 7. Gildistími

Samningur þessi er unnin af samstarfsnefnd Eflingar - stéttarfélags og Þjóðleikhússins og gildir frá 1. janúar 2021.

Fyrir hönd Þjóðleikhússins

Fyrir hönd Eflingar - stéttarfélags